

## AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Stykkishólmsbæ.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 16. febrúar 2017, breytingu á deiliskipulagi miðbæjar austan Aðalgötu:

*Miðbær, breyting á deiliskipulagi austan Aðalgötu.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingar þar sem færð eru inn rétt lóðarmörk og stærðir lóða sem hafa nú verið mældar upp. Í gildandi deiliskipulagi er gerður fyrirvari um lóðarmörk vegna þess að þegar það var unnið þá voru nákvæmar upplýsingar um stærðir lóða ekki til. Breytt lóðarmörk hafa sums staðar áhrif á byggingarreiti og þá er einnig farið yfir heimildir til að byggja bílskúra.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 17. mars 2017.*

**Sigurbjartur Loftsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 31. mars 2017